



KVI2C02 - Kvikmyndataækni I

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Porgeir Guðmundsson

Netfang/netföng:

thorgeir.gudmundsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum læra nemendur grunntækni við gerð kvikmynda. Nemendur læra undirstöðutækni við upptöku og eftirvinnslu. Farið er yfir helstu valmöguleika á upptökuvélum og fylgitækjum og kynntar helstu stillingar sem nauðsynlegt er að kunna á. Nemendur læra undirstöðuatriði klippinga og eftirvinnslu. Farið er yfir meðhöndlun efnis (media management), umhverfi og stillingar vinnsluforrita (klipping og samsetning), helstu atriði klippinga og eftirvinnslu og að lokum hvernig efni er vistað og framreitt fyrir áhorfendur.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- undirbúa upptökur og velja rétt tæki
- setja upp þrífót með vél
- stilla vél fyrir upptöku miðað við aðstæður
- stilla skjá fyrir upptökur
- meðhöndlun á upptökukortum
- uppsetningu á klippi- og eftirvinnsluforritum

Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- gera upptökuvél klár fyrir upptöku
- undirbúa nýtt verkefni í klippiforriti
- flytja efni af korti í klippiforrit
- gróf- og fínklippa myndefni
- lítaleiðrétta
- hljóðjafna
- setja titla og brellur
- vista efni til sýninga

Hæfniviðmið - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- stilla upp fyrir upptöku miðað við aðstæður
- undirbúa eftirvinnslu
- klippa myndefni
- eftirvinna mynd til sýninga
- vista kvikmynd tilbúna til sýninga

Námsmat:

Námsmat er á formi símats þar sem kennari metur árangur nemenda í verkefnum, kynningu og þátttöku í umræðum út frá markmiðum áfangans. Áfanginn er samsettur af stuttum verkefnum eða æfingum og er gefin einkunn fyrir hvert verkefni eða verkefnahópa. Matið tekur mið af verkefnavinnu, frammistöðumati, sjálfsmati, jafningjamati og símati (ástundun, þátttaka og framfarir).

Verkefnin eru ýmist verkleg eða skrifleg.

Einkunnaskipting

- 40% Tækniæfingar
- 50% Tækjapjálfun og kvikmyndaverkefni
- 10% Virkni

Hlutfallstölur geta breyst með tilliti til aðstæðna og framvindu.

Námsgögn:

Notast er við bæklinga, kynningarmyndbönd og sérhæfðar vefsíður. Aðalundirstaða áfangans er sýnikennsla, leiðbeining og þjálfun og því mikilvægt að nemendur mæti í alla tíma.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma enda um verklega kennslu að ræða sem byggir á reynslu og hefðum og verður illa eingöngu af bókum numin.

Áfanginn er kenndur samtíma KVI2B05 (heimildamyndagerð) og er þjónustuáfangi um hagnýta þætti kvikmyndagerðar. Áherslur geta breyst vegna óska eða þarfa sem upp koma í heimildamyndagerðinni.

Áfanginn er 2 einingar sem eru um 13,5 vikur og því er áfanginn nokkuð styttri en hefðbundinn 5 eininga áfangi sem er að öllu jöfnu 17 vikur.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst		
2	26.-30. ágúst	Kynning áfanga - tæki skoðuð	
3	2.-6. sept.	Ferli I - tæki gerð klár í upptöku (run and gun)	5%
4	9.-13.sept.	Engin kennsla	
5	16.-20.sept	Æfing I - upptaka og klipping	Vörðuvika I 10%
6	23.-27. sept.	Ferli II - tækur undirbúnar, grunnstillingar (wb, shutter, iris, focus)	5%
7	30.sept.- 4. okt.	Ferli II - skjár stilltur (zebra, peaking), formattering og meðhöndlun korta, hljóðupptaka stillingar	5%
8	7.-11. okt.	Æfing II	20%
9	14.-18. okt.	Engin kennsla	
10	21.-23. okt.	Ferli II - grunnstillingar klippiforrits og vinnsluferli kynnt	Hausthlé 5%
11	29. okt.-1. nóv.	Ferli II - hljóðsetning	5%
12	4.-8. nóv.	Ferli II - titlar/brellur	Vörðuvika II. 5%
13	11.-15. nóv.	Ferli II - litaleiðrétting	
14	18.-22. nóv.	Engin kennsla	
15	25.-29. nóv	Æfing III - montage	10%
16	2.-6. des.	Ferli III - yfirferð og upprifjun	20%
17	9.-12. des	Einkunnaskil/sjálfs- og jafningjamat	Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.